



LEB

Landssamband eldri borgara

ANDROID KERFI



EINFALDAR
LEIÐBEININGAR Á
SPJALDTÖLVUR



Útgefandi: LEB – Landssamband eldri borgara
Janúar 2020

2. útgáfa

Höfundur: Oddný Helga Einarsdóttir

Myndir fengnar af Unplash.com

Unnið með styrk frá Félagsmálaráðuneyti



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

- 2 Spjaldtölva í fyrsta sinn
- 3 Almennt um spjaldtölvur
- 4 Almenn virkni
- 5 Skjárinn
- 6 Lyklaborð
- 7 Að tengjast interneti
- 8 Myndavél
- 9 Vafri
- 10 Sækja forrit
- 11 Sækja forrit
- 12 Tölvupóstur
- 13 Kort
- 14 Facebook
- 15 Facebook frh.
- 16 Facebook frh.
- 17 Uppfærslur

Formáli

Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning á spjaldtölvunotkun. Sífelld fleiri nýta sér spjaldtölvur í daglegu lífi, hvort sem það er í tengslum við vinnu eða annað. Það að læra á spjaldtölvurnar getur þó reynst erfitt og kvíðvænlegt þeim sem ekki eru vanir snjallsímum eða öðrum tækjum sem líkjast spjaldtölvum. Markmið þessa leiðbeiningarits er að aðstoða þennan hóp við að koma sér af stað. Farið verður í grunninn á helstu atriðum sem spjaldtölva hefur upp á að bjóða. Vonast er til þess að sá sem nýtir sér leiðbeiningarnar öðlist þann grunn sem hann þarf til að tileinka sér notkun spjaldtölvu.

Spjaldtölva? Ég kann ekkert á það

Það er eðlilegt að þeir sem hafa aldrei notað spjaldtölvur áður séu hræddir við að byrja. Sérstaklega ef þeir eru ekki vanir tölvum og snjallsímum. Þeir hafa kannski ekki trú á því að þeir geti lært á slíkan búnað. Ef þú tilheyrir þessum hóp skaltu þó ekki óttast. Allir geta lært á spjaldtölvur. Það tekur okkur bara mis langan tíma. Spjaldtölvur eru hannaðar þannig að allir geti notað þær. Við notum þær eflaust ekki öll á sama hátt og erum mis fær. Það er þó eitt sem allir þurfa að ganga í gegnum, sama hvar þeir standa. Það er það að byrja. Þetta er mikilvægasti hlutinn í ferlinu og því skaltu ekki draga það að hefjast handa. Dembdu þér út í djúpu laugina! Þegar þú ert komin/n af stað skaltu hafa það í huga að það er alls ekki nauðsynlegt að kunna á allt það sem spjaldtölvun hefur upp á að bjóða. Þegar þú hefur öðlast grunnfærni í notkun hennar skaltu þó vera óhrædd/ur við að læra meira með því að prófa þig áfram. Þannig lærir þú best. Ef þú sérð eitthvað sem þér finnst áhugavert skaltu reyna að læra á það með því að prófa. Það gerir ekkert til þó að eitthvað fari úrskeiðis. Þá prófar þú bara aftur. Hafðu það í huga að það er ekki hægt að skemma neitt með því að smella á einhverja hnappa. Í versta falli byrjar þú bara upp á nýtt.

Gangi þér vel!

Útgáfur

Spjaldtölvur sem notast er við Android stýrikerfið eru margar og gerðar af nokkrum mismunandi framleiðendum. Stýrikerfið er sett upp á þann hátt að grunnvirkni er alltaf sú sama í spjaldtölvunum en útlitið ekki. Hvert fyrirtæki sér um að útbúa svokallað notendaviðmót fyrir sínar tölvur, en fylgir ávallt reglum Android um almenna virkni.

Örfáar spjaldtölvur er hægt að stilla á íslensku, en flestar eru á ensku, og því er miðað við það í þessum leiðbeiningum. Hér verða myndir úr Huawei spjaldtölvu notaðar til útskýringar og því er ekki víst að myndirnar líti eins út og á þinni spjaldtölvu. Þess vegna er mikilvægt að þú lesir vel nafnið á öllum hnöppum sem smellt er á í leiðbeiningunum, því að þó að hnapparnir líti ekki alveg eins út hjá þér og á skýringarmyndinni þá er textinn sem fylgir svipaður eða sá sami.

Útskýringar á leiðbeiningum

Í leiðbeiningunum er notast við myndræna kennslu þannig að ekki þarf mikið að lesa heldur er áhersla lögð á að notendur fylgi ákveðnum skrefum með aðstoð skýringarmynda.

Á hverri blaðsíðu er texti sem þú skalt lesa áður en þú byrjar að fylgja skrefunum. Skrefin eru merkt með rauðum tölum. Höndin bendir manni á það hvar eigi að smella eða skrifa. Númer við hendi samsvarar tekstanum sem er merktur með sömu tölu.


Hér er dæmi um hvernig skrefakennslan virkar

Byrjaðu á því að lesa textann

Að opna stillingar

1. Smella á forritið stillingar

Fylgdu skrefunum



Svona lítur dæmigerð spjaldtölva út



Vakna/sofa

Þennan takka þarf að þrýsta á til þess að vekja upp skjáinn og einnig til þess að setja hann í svokallaða svefnstöðu. Þegar þú ert búin að nota spjaldtölvuna smellir þú einu sinni á takkann og þá slökknar á skjánum. Það er þó ekki slökkt á allri tölvunni heldur er hún í svefnstöðu.

Heim

Á þennan takka er alltaf hægt að ýta til þess að komast á heimasvæðið. Það skiptir ekki máli hvað þú ert að gera. Takkinn færir þig alltaf út úr forritinu sem þú ert í og á heimasvæðið.


Til baka

Til baka hnappurinn er hentugur, en ekki nauðsynlegur og því er hann ekki á öllum spjaldtölvum.

Hljóðstyrkur

Takkarnir fyrir hljóðstyrk eru tveir. Sá neðri lækkar hljóðið og sá efri hækkar hljóðið. Til þess að stjórna hljóðstyrknum þarf að þrýsta á takkana þar til réttur styrkur fæst.

Hér er dæmi um það hvernig snertiskjárinn á Android spjalddölvu getur litið út.



Merkin á skjánum eru forritin sem eru í spjalddölvunni. Fyrir neðan merkin má sjá nöfnin á forritinu. Til þess að opna forritið þarf að smella á merkið með einum fingri. Hér er sýnt hvernig hægt er að stjórna snertiskjánum.



Smella



Hreyfa skjá til hægri



Hreyfa skjá til vinstri



Hreyfa skjá upp



Hreyfa skjá niður




Þysja inn



Þysja út

Lyklaborð

Lyklaborðið birtist þegar smellt er á þann stað sem á að skrifa. Þetta gæti til dæmis verið í vafra þegar heimsækja á ákveðna vefsíðu. Þegar lyklaborðið er komið upp, virkar það eins og lyklaborð á tölvu.



Bendill: Segir okkur hvar stafirnir koma til með að birtast.

Bilstöng: Með því að smella á bilstöngina kemur bil á milli orða.

Sérstakir lyklar: Með því að smella á þennan hnapp birtast sérstakir lyklar sem ekki eru nú þegar á lyklaborðinu. Þetta eru til dæmis tölur.

Tungumál: Þó svo að spjaldtölván sé ekki á íslensku er hægt að slá inn íslenska stafi á lyklaborðinu. Ef þeir eru ekki til staðar eins og á myndinni hér að ofan þarf að smella á tungumálahnappinn til þess að fá þá upp.

Broddstafir: Til þess að skrifa broddstafi verður að halda inni ákveðnum stafahnöppum. Ef á að fá stafinn "Ó" þarf að halda inni "O" hnappnum þangað til "Ó" birtist.

Stór/Lítill stafur: Til þess að fá stóran staf þarf að smella á þennan hnapp þangað til að stafirnir á lyklaborðinu breytast. Ef þeir eru stórir þarf að gera það sama til þess að fá litla stafi.

Tengjast interneti

Til þess að hægt sé að ná í fleiri forrit og vefsíður verður að tengja spjalddölvuna við internetið. Hér er sýnt hvernig þú tengir spjalddölvuna við internetið. Til þess að hægt sé að tengjast þarf að hafa internettengingu og þekkja lykilorðið að internetinu.

1. Smella á forritið stillingar
2. Smella á "Wi-Fi" eða "Internet"
3. Smella á nafn netsins sem á að tengjast
4. Slá inn lykilorð netsins
5. Smella á "Connect" eða "Tengjast"

The image shows a sequence of four screenshots from an Android phone's settings, illustrating the steps to connect to a Wi-Fi network. Each step is marked with a red number and a hand icon pointing to the relevant UI element.

- Step 1:** The Settings app is open, and the 'Settings' gear icon is highlighted.
- Step 2:** The 'Wi-Fi' option is selected in the Settings menu.
- Step 3:** The 'SiminnE37D2D' network is selected from the 'AVAILABLE NETWORKS' list.
- Step 4:** The 'Password' field is highlighted in the network settings screen.
- Step 5:** The 'CONNECT' button is highlighted at the bottom of the network settings screen.



Flestar spjaldtölvur hafa myndavél, og margar jafnvel tvær, eina á hvorri hlið.



Stjórnborð myndavélarinnar er hægra megin á spjaldtölvunni. Hér er virkni helstu hnappa útskýrð

Taka myndband

Til að taka upp myndband er smellt á þennan hnapp og síðan á miðjuhnappinn til þess að hefja myndbandsupptöku.

Taka mynd/myndband

Til þess að taka mynd er smellt á þennan hnapp.

Skoða myndir/myndbönd

Til þess að skoða myndirnar sem búið er að taka er smellt á þennan hnapp.



Vafri

Í vafranum getur þú skoðað fjöldann allan af vefsíðum. Í daglegu tali er oft talað um það að fara á netið þegar maður opnar vafrann. Til þess að vafra um á netinu verður þú að hafa internettengingu.

Að heimsækja vefsíðu

1. Smella á forritið vafri
2. Smella á stikuna
3. Rita inn nafnið á vefsíðunni
4. Smella á "Enter"



Dæmi um skemmtilegar vefsíður

mbl.is



visir.is



ruv.is



youtube.com



blika.is





Þó svo að það sé mikið af forritum í spjaldtölvunni þegar við fáum hana er hægt að nálgast ógrynni af forritum til viðbótar. Það er ekki nauðsynlegt að setja inn fleiri forrit en það veitir aukna notkunarmöguleika. Til dæmis má setja inn leiki, myndbandaveitur og forrit sem auðvelda aðgang að fréttum.

Á spjaldtölvunni má finna forrit sem veitir manni aðgang að fleiri forritum. Forritið er í öllum android spjaldtölvum og heitir Google play. Til þess að hægt sé að sækja forrit á spjaldtölvuna þarf að byrja á því að setja upp séstakan aðgang í Google play.

Athugaðu að til þess að þú getir stofnað Google play aðgang verður þú að eiga tölvupóstfang. Ef þú átt það ekki, getur þú fylgt leiðbeiningum á bls. 12 og stofnað tölvupóstfang, áður en þú fylgir skrefunum hér að neðan.

Að stofna Google play aðgang


1. Smella á forritið stillingar
2. Smella á "Accounts"
3. Smella á "Add account"
4. Smella á "Email"
5. Rita inn tölvupóstfang og lykilorð
6. Smella á "Sign in"



Nú þegar búið er að setja upp aðgang er hægt að skoða og ná í spennandi forrit. Í versluninni eru til ógrynni af forritum og lang flest eru frí. Gott er að byrja alltaf á því að skoða forritin sem kosta ekkert, áður en maður kaupir forrit. Oftast finnur maður frítt forrit fyrir það sem maður er að leita að.

Finna og sækja forrit

1. Smella á forritið Google play
2. Smella á "Search for apps & games" og skrifa inn leitarorð
3. Smella á "Stækkunarglerið"
4. Smella á spennandi forrit sem birtist
5. Smella á "Install" hnappinn






Til þess að hægt sé að ná í forrit á spjaldtölvuna verður að eiga tölvupóstfang. Hér er sýnt hvernig hægt er að búa það til með Google tölvupóstþjónustunni sem nefnist Gmail.

1. Smella á forritið vafri og rita inn gmail.com
2. Smella á "Stofna reikning" eða "Create account" ef síðan birtist á ensku
3. Fylla inn í alla reiti viðeigandi upplýsingar
4. Smella á "áfram"



Að þessu loknu þarf að fylla inn í nokkra reiti til viðbótar til að virkja aðganginn. Þá má fara að nota hann til þess að komast inn í Google play og að sjálfsgöðu að senda tölvupóst.



Passaðu að skrá hjá þér notandanafnið og lykilorðið sem þú velur svo að það gleymist ekki síðar

3.

Stofna Google reikning

Halda áfram í Gmail

Eiginnafrn Jón Eftirnafn Sigurðsson

Notandanafn jon.sigurdsson@gmail.com

Hægt er að nota bókstafi, tölustafi og punkta

Aðgangsorð Staðfesta

Notaðu 8 eða fleiri stafi með blöndu bókstafa, talna og tákna

Skrá frekar inn á reikning

Áfram

4.

Einn reikningur fyrir Google eins og það leggur sig.

islenska

Hjálp

Persónuvernd





Skilmálar

Hér er hægt að breyta tungumálinu

Kort

Kortaforritið er nýtsamlegt forrit. Það er hægt að nota það sem leiðarvísi og einnig skoða í því götur og kennileiti víðast hvar í heiminum. Forritið fylgir flestum spkaldtölvum. en ef það er ekki í þinni, getur þú sótt það í verslunina. Hér sýnt hvernig hægt er að leita eftir stað og finna bestu leiðina á hann.

1. Smella á forritið Google maps
2. Smella á "Search here" hnappinn og skrifa inn þann stað sem á að finna
3. Smella á umbeðinn stað þegar hann birtist
4. Smella á "Directions"





Facebook

Facebook er vinsæll samfélagsmiðill hér á landi og býður upp á marga skemmtilega eiginleika. Samfélagsmiðilinn má nálgast í forriti sem verður að sækja í versluninni.

Til þess að búa til Facebook síðu, þarf að eiga tölvupóstfang eða farsímanúmer sem notað er til þess að búa til persónulegan aðgang á samfélagsmiðlinum. Facebook er hægt að stilla á íslensku en þó bjóða ekki alveg allar spjaldtölvur upp á þann möguleika þegar nýr aðgangur er stofnaður. Hér er því sýnt hvernig aðgangurinn er stofnaður á ensku. Þú getur þó líka fylgt þessum leiðbeiningum ef Facebook er á íslensku hjá þér.

Að stofna Facebook aðgang

1. Sækja Facebook í verslun
2. Opna Facebook
3. Velja tungumál (**Ath.** þetta virkar ekki fyrir alla)
4. Ef þú þegar átt Facebook aðgang, skráir þú inn þínar notendaupplýsingar og smellir á "Log in" (Skrá inn) en ef þú er nýr notandi smellir þú á "Create New Facebook Account"
5. Smella á "Next" (Áfram)



Framhald á næstu síðu

Phone or email

Password

Log In

Forgot Password?

Create New Facebook Account

Join Facebook

We'll help you create a new account in a few easy steps.

Next

Español • Polski • More...

3.


4.

5.

Að stofna Facebook aðgang frh.

6. Rita inn nafn og smella á "Next" (Áfram)
7. Slá inn fæðingardag og smella á "Next" (Áfram)
8. Merkja við kyn og smella á "Next" (Áfram)
9. Hér þarf að velja hvort slá eigi inn Tölvupóstfang (Email Address) eða farsímanúmer (Mobile number). Skráðu inn símanúmerið þitt á línuna eða smelltu á "Sign up with Email Address" til þess að skrá inn tölvupóstfangið í staðinn. Smelltu síðan á "Next" (Áfram)

Framhald á næstu síðu

6.  What's your name?

First Name Last Name

Next

What's your birthday?


7.  Sep 23 1952

Oct 24 1953

Nov 25 1954

Female Kvenkyn

Male Karlkyn

8.  Custom Annað

Select Custom to choose another gender, or if you'd rather not say.

Mobile Number


Next

9.  Sign Up With Email Address


Að stofna Facebook aðgang frh.

10. Velja lykilorð og smella á "Next" (Áfram)

11. Smella á "Sign up" (Skrá notanda)




Lykilorðið verður að innihalda a.m.k. 6 bókstafi auk tölustafa eða tákna. Passaðu að skrá hjá þér lykilorðið svo það gleymist ekki síðar.



Nú ættir þú að vera komin/n með Facebook aðgang og getur hafist handa við að bæta við ættingjum og vinum á samfélagsmiðlinum. Ef þú lendir í einhverjum vandræðum getur þú skoðað íslenskar leiðbeiningar á þeim fjölmörgu möguleikum sem Facebook býður upp á. Hér má sjá hvernig hægt er að nálgast þessar leiðbeiningar.

1. Smella á línurnar þrjár



2. Smella á "Help & Support" (Hjálp)



Reglulega koma út nýjar uppfærslur fyrir spjaldtölvur. Það er mikilvægt að uppfæra spjaldtölvuna reglulega til þess að verja hana frá tölvuþrjótum. Ef hún er hins vegar orðin meira en 4-5 ára gömul er betra að sleppa því að uppfæra hana vegna þess að þá er hætt við að virkni spjaldtölvunnar verði hæð. Gott er að miða við það að uppfæra spjaldtölvuna á 6 mánaða fresti.

Sækja uppfærslu

1. Smella á forritið Stillingar
2. Smella á "System update"
3. Smella á "Check for updates"
4. Ef upp kemur setningin "No updates" þýðir það að spjaldtölvun hefur nýjustu uppfærsluna nú þegar. Þetta á við um myndina hér að neðan. Ef þetta á ekki við hjá þér þarf að smella á "Download update"





LEB

Landssamband eldri borgara

leb@leb - www.leb.is - 